

*Fyrirspurnir og svör 14.07.22 um rekstur heilsugæslu Reykjanesbæ:*

1. Er Aðalgata 60 eina húsnæðið sem kemur til greina, eða má bjóðandi leggja til annað húsnæði sem frávíkstilboð?

Svar: Auglýsingin er um þetta tiltekna húsnæði.

2. Er stöðin skilgreind sem dagvinnustöð? Engin vaktþjónusta um helgar eða virka daga?

Svar: Miðað er við opnunartíma virka daga frá kl. 08:00 til 17:00. Auk þess skal bjóða upp á þjónustu kl. 17:00 – 18:00 alla virka daga.

3. Er heimild til þess að sinna og útfæra vaktþjónustu innan ramma samnings?

Svar: Ef það er spurt um þjónustu á kvöldin og um helgar er hér ekki um vaktþjónustu að ræða, nema síðdegisvakt milli kl. 17:00 – 18:00 virka daga.